

Fyrirspurn

til menningar- og viðskiptaráðherra um úrskurðarnefnd
um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Frá Ásthildi Lóu Þórsdóttur.

1. Hvers vegna eru úrskurðir úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki ekki bindandi eins og t.d. úrskurðir kærunefndar húsamála í húsaleigumálum og hvers vegna kallast þeir þá úrskurðir en ekki álit?
2. Fellur úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki undir stjórnslulög?
3. Á hvaða forsendum er skipað í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki?
4. Telur ráðherra koma til greina að endurskoða fyrirkomulag úrskurðaraðila um ágreining viðskiptavina við fjármálafyrirtæki og aðrar lánastofnanir í því skyni að veita neytendum úrræði til að leita bindandi úrlausnar utan dómstóla?

Skriflegt svar óskast.